

51 **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**
 19. maí **Árnessýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 22. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Grímsneshreppi í Árnessýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess að þingstaður Grímsneshrepps verði fluttur frá Minniborg til Stóruborgar, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

52 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, til sýslumanns-**
 24. maí **ins í Eyjafjarðarsýslu, um skiptingu Árskógshrepps í tvö sveitarfélög.**

Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 16. þ. m., hefir hingið horizt erindi frá hreppsnefnd Árskógshrepps og Páli Bergssyni f. h. Hríseyinga, dags. 2. f. m., um skipting Árskógshrepps í tvö sveitarfélög, ásamt meðmælum sýslunefndar um að skiptingin verði leyfð. Út af þessu skal hérmeð samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12, 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal skipt í tvö sveitarfélög. Hinir nýju hreppar nefnast Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Hrísey á Eyjafirði skal vera annar hreppurinn, Hríseyjarhreppur, en landbyggðin í núverandi Árskógshreppi hinn, Árskógshreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og skuldbindingum sveitarsjóðsins sem og þurfamannaframfæri hins núverandi Árskógshrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Hríseyjarhrepps komi $\frac{2}{3}$ hlutar en í hlut Árskógshrepps $\frac{1}{3}$ hluti, og eftir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna að koma og eiga röt sína í félagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sér stað milli hinna nýju hreppa, en þetta þó með þeim undantekningum, að ekknasjóði, ellistryktarsjóði og varasjóði Sparisjóðs Árskógshrepps skal skipta eftir helminga hlutföllum og að kennsluáhöld við barnaskólana skulu fylgja hvorum skóla eftir því sem nú er.

3. Bókum og skjölum sveitarsjóðsins skal ekki skipta. Þau fylgi Árskógshreppi.

4. Starfrækslukostnaður símastöðvanna í Hrísey og Litla Árskógssandi falli hvor sínum hreppshluta. Fái sveitarsjóður greitt að nokkru kostnað við